

Ís fyrir alla – mamma borgar!

Aðsent

Össur Skarphéðinsson



Bjarni Benediktsson hélt dýr-
ustu ræðu Íslandssögunnar við
setningu landsfundarins síðast
liðinn fimmtudag. Í ræðunni
sáldraði hann rándýrum kosningalof-
orðum í allar áttir – einsog enginn væri
morgundagurinn. Líkt og afgreiðslu-
maður í sælgætisbúð lofaði hann öll-
um nammi – og enginn þarf að borga.
Bjarni er nefnilega töframaður sem
getur búið til gull úr loftinu. Það er
eina leiðin til að standa við loforðin
sem hann gaf um að hækka lífeyri
gamlia fólkssins, láta ríkið borga hús-
næðisskuldur, hækka laun opinberra
starfsmanna – en lækka um leið skatta
og ofan í kaupið að draga úr útgjöld-
um ríkisins!

Hagfræði Sjálfstæðisflokkssins er
greinilega sótt í efnahagslögmálin sem
allir muna eftir úr sunnudagsbíltúrum
bernskunnar: Ís fyrir alla – mamma
borgar!

Nammibúðin

Lofordafaflaumurinn í kosningastefnu
Sjálfstæðisflokkssins, einsog hann birt-
ist í ræðu Bjarna, var ansi litrískur.

Heilbrigðiskerfið er öllum mikil-
vægt. Bjarni vill auka framlög til þess,
og fjallaði sérstaklega um nauðsyn
þess að gera Ísland samkeppnishæft
í launum lækna. Það þýðir varla ann-
að en drjúga launahækken til þeirra
góðu manna, sem halda okkur gang-
andi þegar á bjátar. En læknar eru ekki
einu starfsmenn heilbrigðiskerfisins.
Par bjarga lífum dag hvern sjúkralið-
ar, lífeindafraðingar, hjúkrunarfólk,
geislafræðingar, rafvirkjar og ræsti-
tæknar. Margt fleira gott fólk á líka hlut
í að gera okkar ómetanlega heilbrigði-
skerfi að einni römmustu burðarstoð
samfélagsins.

Bjarni hlýtur því að ætla launa-
hækken til læknanna að ná yfir alla
starfsmenn heilbrigðiskerfisins. Það
mun að lokum, eðlilega, ná yfir alla
opinberra starfsmenn, eða hverja ætlar
Bjarni að skilja útundan? – Kosninga-



“Það er ekki hægt að
auka útgjöld til vel-
ferðarmála á sama tíma
og skatttekjur ríkisins eru
lækkaðar og lofa um leið að
draga úr útgjöldum ríkisins!

stefnan í ræðu Bjarna felur því í sér fyr-
irheit um launahækken til allra opin-
berra starfsmanna.

Eldri borgarar hafa lengi búið við
skarðan hlut og í kreppunni sem Sjálf-
stæðisflokkurinn leiddi yfir þjóðina,
var ekki hægt að bæta hann nóg. Því
ætlar Bjarni að kippa í liðinn. Flokk-
urinn ætlar að afnema skerðingar í líf-
eyriskerfinu, og hækka lífeyrinn.

Flokcurinn ætlar líka að láta rík-
ið hjálpa þeim, sem eiga um sárt að
binda vegna skuldaþjötra húsnæðis-
lána. Bjarni lofar þeim hluta af tekjum
ríkisins í gegnum skattaaflátt. Það er
líklega dónaskapur að spyrja: Hvað
með þá sem eru verst staddir, og borga
enga skatta?

Pversögn Bjarna

Allt eru þetta góðar hugmyndir. Allar
byggja þær á einhvers konar réttlæti.
Það er líka þóetískt réttlæti fólgð í því að
Sjálfstæðisflokkurinn vilji hjálpa
þeim, sem guldu fyrir hrunið sem
hann stýrði samfélagitum inn í átján
ára valdatíð, einsog glöggt kemur fram
í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Pversögnin í ræðu Bjarna er hins-
vegar sú, að á sama tíma og hann ætlar
að deila út miklum fjármunum í gegnum
áveitukerfi ríkisins til sjúklinga, op-

inberra starfsmanna, skuldara og eldri
borgara, þá ætlar hann líka að lækka
skatta og draga úr útgjöldum ríkisins.

Í ræðunni hét hann þannig að
afnema hátekjuskatt, lækka almenna
skatta og lækka skatta fyrirtækja. Nán-
ast í sama orðinu sagði hann að Sjálf-
stæðisflokkurinn myndi líka sjá til þess
að útgjöld ríkisins minnuðu. Í þessu
felast óleysanlegar andstæður.

Það er ekki hægt að auka út-
gjöld til velferðarmála á sama tíma
og skatttekjur ríkisins eru minnk-
aðar og lofa um leið að draga úr
útgjöldum ríkisins! Ætli formaður
Sjálfstæðisflokkssins að standa við
fyrirheitin um hvorutveggja skat-
lækkanir og aukin útgjöld til velferð-
ar þýðir það eitt, og aðeins eitt: Stór-
aukin ríkisútgjöld á versta tíma.

Það er efnahagslegt ábyrgðarleysi
sem gæti leitt okkur í nýjar ógöngur.